

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

9. ISBN 978-9935-409-08-9

segðu mér, seiðskrati, lýflingur....

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

Litla kjaftfora völvu finnur seiðskrata í hofi hans



**-Segðu mér allt mögulegt,
seiðskrati, lýflingur,.....**



Högni viðhöttur

(seiðskrati hefur mál sitt, brosandir að vanda:)

-Áhyggjurnar þrífast ekki nema þú hugsir vel um þær
ræktir þær af kostgæfni,
vökvir þær,
talir við þær.

Annars kemur kyrkingur í áhyggjurnar. Þær velsast upp
og deyja.

Og þyrnarnir á þeim verða ekki að almennilegum broddum,
nema þú hugsir vel um þær, kvölds og morgna.,
finnir nærveru þeirra á daginn,
vaknir upp á nóttunni og gefir þeim brjóst.

(úr leikritinu Ég er hættur! Farinn! Ég er ekki með í svona asnalegu leikriti,
eftir GuðrúnuKristínuMagnúsdóttur)

Hinn Hávi kveður: Ósvinnur maðr vakir of nætur og hyggur at hvívetna
þá es móður er at morgni kömr
svá es víl sem vas.

Bruce Dickens segir:
fje aurum fylkir
úr umbre vísi
þurs saturn þengill
óss jupiter oddviti
reið iter ræsir
kaun flagella konungur

hagall grando hildingur
nauð opera niflungur
íss glacies jöfurr
ár annus allvaldur
sól rota siklingur

týr mars tiggir
bjarkan abies buðlungur
maður homo mildingur

lögur lacus lofðungur
ýr areus ynglingur

þó hjer

fjarrúnir 6, en hjá okkur 8

hagals 5, hjá okkur 8

týs 5, hjá okkur 8

en engu að síður skemmtilegt að heyra.

fáa, fák rúnir, þat kank, ef sjek, svá ek ríst ok í rúnum fák.

Dagurinn er svo ungur að enginn er farinn að segja neitt ljótt, sagði móðir mín.

Þú munt, völva smá, vilja fræðast um vitt, seið, galdur?

Fegurra geta menn ekki aðhafst ef þeir kunna vel með að fara.

Valkyrjan er hið bezta.

Hún er eina gjörðin sem ekki bindur, hún er gjörðin sem leysir manninn.

Valkyrja er gjörningur, iðla skyli fremja.

Hún þjónar vitund við að skreppa heim, Óðinn gefinn Óðni



valkyrja

यज्ञ (yadña)

Bezt er að iðka gjörninginn valkyrju að minnsta kosti 2svar á dag alla ævi í smástund í einu, en ekki er ráðlegt að vera að hugsa um guðin og svoleiðis allan daginn, því þá er maður með hálfan huga við vinnuna, og hálfan við að hugsa um annað á veraldlegan hátt.



Að hugsa um ávextina er ekki nóg, meðan maðurinn er ekki uppljómaður.

Aðeins hjá einherjum kemur allt af sjálfu sjer.

Náttúran hugsar fyrir öllum þörfum okkar þegar við uppljómunumst.

Svo það er verulega hagnýtt að hækka sitt vitundarstig, ekki satt?



Bezt er að vakna snemma,
fara í sitt TM hnýsast niður hangandi í tímaleysi,
vinna á daginn,
fara svo í TM að kveldi, og sofna snemma.
Regla er góð. Líkaminn kann að meta reglu.

TM® er leið í uppljómun. Tær líkami er nauðsyn til að þróast hratt.



Heilinn er í of mikilli óreiðu ef menn hnýsast ekki niður.


TM kemur á reglu í heilabylgjum, og samræmi milli heilastöðvanna.
Áhrifin vara yfir daginn. Reglan, sem næst með TM, varir á eftir.

Hugsunin verður dýpri og kraftmeiri.

Taka skyli upp fræðslu um dýptina í vizku forfeðranna (37.), því nútíma-
vísindi hafa sannað að forfeðurnir höfðu hina tærustu þekkingu
-- sem við höfum ekki skilið á myrkum öldum.

Hinn rísandi skilningur er ávitull á dýpri og enn meiri skilning.

Hnýsast niður, falla aftur þaðan, nema upp fimbulrúnir og stinna stafi,
kvölds og morgna.



hnýsast niður, falla aftur þaðan,
hnýsast niður enn á ný -- losar um streitu, vígir hugann tæran.

Fimbulrúnir og níu galdrar góðir,
ljóð þau er hjálpa í öllu sem við lendum í,
hjálpa og öðrum,
eru afrakstur þess að hnýsast niður hangandi á vingameiði.



yógastjittavríttíniródhah योगश्चित्तवृत्तिनिरोधः


(þegar hugur sameinast alheimsvitund (er í yóga) er hugur hvað kyrrastur)

tshit/cit चित् týr himingoð, चित् (skilningur sem hugurinn öðlast)

Þetta er að nema upp fimbulrúnir. Öðlast stinna stafi.
Á vindgameiði. Manngi veit hvers af rótum renn.



Karmasú kaushalam gjörðatæknin



Visur 138 o.áfr. í Hávamálum þarf að útskýra,
og kenna þarf börnunum að fremja fagra góða vitt og vitkast.



Þroska vitund, frævast.

Úr gruggi í uppljómun.

Syn synjar grugginu inngöngu í glasi (6.).

Ekkert er einfaldara en að vera alveg tær og grugglaus.

Segja má að táknmálið -- því það skildist ekki -- hafi varðveitt menninguna, bjargað kvæðunum;

það að dýpt og merking skildist ekki, varð hinni dýpstu vizku í geymd til lífs.

Rósamál. Þyrnirósarmál.

(21., ævintýrin.)

Kvæðin voru talin vera eingöngu fyndnar sögur barnalegra manna -- hvernig gátu forfeður okkar trúað þessu bulli?!!

Ósvinnir menn sáu spaugilegar sögur og hlógu að gömlu gæjunum með fyrirlitningu og vorkunsemi í bland:

Trúðu þeir þessu virkilega!??


Asnar!!: nýsast niður og falla aftur þaðan!!!

Fyrst niður svo falla niður!!

Svona misvísandi bull veldur heilabrotum og rýrir trúverðugleikann.

Ef maður er kominn í að nýsa niður, hvernig fellur maður þaðan!!!


Fellur niður úr neðra?



Menn skildu ekki á hinum myrku öldum að í ginnungagapi er ekkert upp og niður, enginn tími, ekkert rúm. Við streitulos í fullkominni kyrrð líkama og huga, verður áreiti sem truflar kyrrðina -- svo hugurinn fellur aftur út í hugsanir (sjá 27.).



Sleipnir (taugakerfið) ertist við streitulos.



upsöfnuð streita í kroppnum losnar og hverfur.

Og þetta niðrandi niður túlkaðist sem meint skilningsgat í rök(leysis)hugsun þessara heimsku heiðingja -- forfeðranna.

Hefði táknmálið skilizt, hefði öllu verið fargað á hinum myrku öldum.

Það er svo með sannleikann að hann lifir alltaf.
Ekkert fær grandað honum, hvorki mölur, ryð -- né vondir menn.

Munnleg geymd í bundnu máli brenglast ekki eins mikið og sögur í óbundnu máli.

Á norðurslóðum barst þekkingin mikla mann fram af manni, kynslóð fram af kynslóð.

Menn hafa sagt þessar sögur árbúsundum saman.




munnleg geymd

Kannski ekki allir skilið dýptina, en fundið samt að verðmæti voru hjer á ferð.

Alltaf lifðu sögurnar.

Nú er skilningurinn að vakna á ný úr Þyrnirósarsvefninum sínum, við gefum hinum forna menningarafri ljúfan koss -- og við vöknum



Við teljum, að menn sem kómu inir fyrstu til Histlant terru, Íslands, hafi saknað þess að eiga ekki gamlan og virtan og vitran fjölskylduföður. Þeir voru eiginlega búnir að klippa á naflastrenginn. Þá hafi þeir gert sjer goða. Til hans var svo leitað sem viturs og virts.

Papar voru líklega aldrei til, en sagan um þá orðið til vegna Papeyjar-nafnsins. Brjóstakarlararnir uppspuni.

Allir ávalir hólar og hnúkar, sem hafa svo hundapúfu eða stein uppúr miðjunni, minna á konubrjóst, og heita á írsku/skozku papa, sem einfaldlega þýðir konubrjóst.

Fjöldi er slíkra náttúrufríbæra sem þetta nafn bera. Engir Papar!!



Papafell Hrútafirði



Papa Little Hjaltlandi



Pattene á Papper Óslófirði

Lesbók Mbl. jan.05

Enn er margt óútskýrt í fræðum forfeðranna.



Proskahaftið byrjar

þegar settir eru merkimiðar á fólk, trúarbragða- sértrúar- skoðana- alls konar merkimiðar, -- hverfur þá skilningur og víðsýni, þröngsýni og klisjur koma í staðinn.

Allt er skoðað með innprentaðar kenningar sem einu leiðina til að líta á málin. Jafnvel greindustu menn falla í þá gryfju að skilja ekki annað en það sem þeirra merkimiði leyfir.

Skoðanmerktir menn eru skoðanaheftir. Mega ekki hugsa skírt.


Merkimiðar draga fólk í dilka, úr almenningnum, og merkimiðar eru svo gróðrastía fyrir rifrildi milli manna, Putarnir í Gúlliver um hvorn enda eggsins....., og skoðanaklíkur eru stríðsvaldar.

Þær eru (mis-)notaðar til landvinninga, enda áhrifagjarnar og auðsveipar. Hættum slíku og förum yfir í skilning.

Nóbelsverðlaun í eðlisfræði voru veitt fyrir uppgötvun á hegðun rúbídíum þegar hægt var á sameindum þess.




Sama gerist þegar við löðum hugann innávið Notum eitt skilningarvitanna, heyrnina, og hugurinn róast,



hægjum á hugsun með TM-tækninni í lognfara lundinum Barra,

hugur verður tíra




fingerðasta hugsun sóast

hverfur



verður vitund á hreyfingu, ein stór bylgja Iðavalla.



Hin raunverulegu við.

Hið eina sem þarf er að fremja valkyrju (TM-tæknina)



Hún hefur vopn vitundar, Gungni Óðins



Þetta virðist fast efni,



en er?




agnir!



sem eru bylgjur



Gungnir.




Það er Gungnir sem verður efnisagnir.



Við erum Gungnir !

Allt er Gungnir.




bhram, vipra




Þetta er ekki nýrra en svo að það samsvarar Glæðheimum Óðins, þ.e. víkkun vitundar þegar hægt er á huganum.

Gömlu gæjarnir vissu þetta fyrir löngu löngu. Þeirra þekking, þeirra vísindi, eru nú ekki vitlausari en svo, að nútímavísindi eru að „uppgötva” ýmislegt núna á vísindaöld. sem hefur alla tíð verið í okkar menningararfi. Svo við erum að enduruppgötva menningararfinn okkar!



Gætum okkar á bókstafstrú og kreddum og völdum, goggunarröð, valdapýramíta,



mannlegu híaarkhia -- ósvinnra manna!!

með valdabrölt og athyglipörf, að einn sje YFIR hina hafinn og sje meiri en aðrir menn. Hafi völd YFIR öðrum.



eðlileg lagskipting í náttúrunni er allt allt annað.

Loki finnur Braga og skáldamjöldinn -- loksins



gerist Lofturr



-- og Valhöll er á næsta leiti.

Kominn heim í Valhöll - því tærleiki er hið eina eðlilega ástand manns.

val वल् að snúa aftur.

Mjallhvít, Öskubuska, Þyrnirós, Rauðhetta. (21., ævintýrin)
Við segjum börnum þær sögur.

Hugsaðu um að þær eru fornar heiðnar goðsagnir í skemmtilegum búningi

-- sem flytja okkur hinn æðsta tilgang lífsins, litla völvu, á dulmáli.

Börnum eru sagðar goðsagnir á kvöldin svo þau róist og sofni vært inni ævintýrin.

Launsagnir og huliðshjálmar gerðu sitt gagn við að varðveita þekkinguna.

Við skiljum ævintýrin núna.

Við gefum goðsögnunum lítinn ástarkoss og við vöknum af Þyrnirósar-svefni, svefni Brynhildar sem hún kallaði yfir sig með því að stríða gegn flæði þróunar.

Þekkingin berst mann fram af manni,

enginn verður leiður á sögunum,

því allir vita í þeli niðri að Valhöll bíður okkar.

Höllin eina sanna. Og hún er höll lifandi manna. (30.)

Bíður allra lifandi manna á öllum tímum.



Loki er að enduruppgötva són í gapið.

Táknmál og launsögn í goðsögnum er hnitmiðaður tjáningarmáti, margslungið,

en það þarf tæran mann til að skilja dýptina,

og góðan mann til að vilja skilja.

Falið í kímni og villandi persónugervingum.



Sleipnir er taugakerfið okkar,
hví hestur?

Hestur er kraftmikil skepna sem ber okkar þangað sem við viljum.
Ótemja er ónýtt sem farartæki,
en
þjáll og þjálfaður skeiðar hann milli heima, í Ásgarð.

Við erum að skreppa heim, svo hann er heimfús,

val वल् að snúa aftur,


Hann kemst ekki inn, bíður fyrir utan, meðan við nýsumst niður,
og svo rennum við til baka til hugsana í heimi = föllum aftur þaðan.



Tröll eru ósvinna okkar mannanna, (1., 32.)
jötnar eru öskukallar sem ferli móti Óðni Vila Vjea (3.) sköpun efnis,

þursar eru gömlu nú ónýtu þróunarskeiðin, bæði mankyns og einstaklinga. (32.)

Gungnir þýðir titringur, bylgjur, og er fingerðasta stig sköpunar,



hann er vopn vitundar, Óðins

Táknmálið er svo ægifagurt og ægidjúpt.



far að finna opt



Óðinn gefinn Óðni, jeg gefinn sjálfum mjer, er gnopi seauton, þekktu sjálfan þig.

Gnopi seauton, γνοθι σεαυτον, er að skilja að við erum raunveran, grundvallarraunveruleikinn

(þetta eru hugtök heimspekinnar um ginnungagap) ekki aðeins skilja með kollinum sínum, heldur lifa þetta, fá reynzlu af kyrrðinni miklu, Glæðheimum, með því að iðka valkyrju sín

-- TM-tæknin

(mest rannsökuð og sannreyndust, raunveruleg samsviðstækni) er öllum mönnum hin handhægasta auðveldasta náttúrulegasta áhrifaríkasta fljótverkasta einfaldasta.

Á þessu dýpsta sviði tilverunnar er allt svo auðvelt og einfalt. Það þarf ekki að reyna neitt, því ekkert er okkur eðlilegra.

Lögmál náttúrunnar eru hér. Ferð hugans í kyrrð er lögmál.

Ekki má rugla saman Íslendingasögunum og heiðni; sögurnar glæsilegu eru bókmenntir, sögur, samdar undir kristni, en látnar gerast í heiðni.

Kvæðin og goðsagnirnar eru um heiðni. Eru heiðni menningararfurinn ævaforni.

Íslendingasögnum má, semsagt, ekki rugla saman við heiðni.

Oft var slæmt og slys að munkar í Evrópu skrifuðu, því þeir fölsuðu söguna og skálduðu mjök og hölluðu rjettu máli sjer í vil.

Á illan veg er uppeldið sem þjóðin hefur fengið öldum saman, og apar hver eftir öðrum ina upplognu sögu.

Mál er að leiðrjetta þá ófrægjan sem liðizt hefur í aldir inar myrku.

Íslandssaga handa börnum var áróður og rangfærslur, af yfirlögðu ráði höfundanna og stjórnvalda.

Við skulum frekar lifa þekkinguna miklu innan eigin vitundar okkar!

Ódáinsfæða Iðunnar er það sem við höfum uppúr því, og þeir sem guðin elska eru ungir (hver fruma líkamans) hversu gamlir sem þeir verða í árum talið.



Erfiðir tímar með fátækt, fáfræði og ótta komu á okkar landi á myrkum öldum.

Ekki var mikill tími til að leika sjer þá, völva litla, og talin tímasóun að segja sögur nema hægt væri að vinna annað á meðan.

Að tína ber uppí sig var talin tímasóun, og upp komst, ef krakkar komu berjablá heim, að þau höfðu verið að slæpast.

Telja, Sigrún, sem sótti kýrnar mátti ekki sóa tímanum í að vera iðjulaus á meðan hún gekk, svo hún var þrjónandi sína sokka og vettlinga á göngunni.

Einnig var hún þrjónandi þegar hún mátti lesa í bók.

Tíminn var gernýttur.

Þegar Sigrún svo varð gömul og blind gat hún áfram þrjónað sokka og vettlinga, því hún hafði eiginlega enga þörf fyrir að sjá hvað hún var að gera.

Hún gat sagt sögur, kveðið kvæði, síþrjónandi, þar sem hún reri í gráðið á baðstofurúminu sínu.

Mamma sagði mjer sögu af bóndanum sem hjet því að gefa dóttur sína þeim manni sem etið gæti allt skyrið uppúr heilum skyrdalli.

Þetta var svona alvöru skyr sem súrnar, enda skyr og mysa
geymsluaðferð fyrir mat,
þetta var ekki svona fratskyr, einsog þetta sem nú er kallað skyr.is,
myglar og þarf síðasta sölundag á -- vegna þess að það er ekki skyr.
Já, áfram með söguna:
Margir reyndu en sprungu í átinu og fóru -- þar til mætti drengur
galvaskur, át smávegis og settist svo hjá heimasætunni bóndadóttur og
fór að rabba við hana.
Aðspurður þá hvort ekki ætti að halda áfram með skyrið, svaraði hann
að ekki hefði verið um neina tímasetningu að ræða og hefði hann því
allan veturinn fyrir sjer við þessa iðju (skyrátið) og nægan tíma til að
kynnast konuefninu sínu.

Mörgu eigum við eftir að kynnast í menningararfinum okkar,
hann myglar ekki, er alvöru, enginn síðasti sölundagur,
er um hina eilífu tæru þekkingu. Þekking.is

And- Eld- Sæ-hrímnar („eldhúsið í Valhöll”)
Tanngrísir og Tanngnjóstur,
Röskva Þjálfur Þrúður Móði Magni Þrymskviða öndótt augu
Líf Lífprasir Skíðblaðir
Auðumbla
Gullinbursti



Hildisvíni (móðurlíf, leg) hjálmur sköpunargyðjunnar (20.)
Sleipnir
Óskópnir Iðavellir
Rati rodent bor, Ratatoskur,
hirtir, Níðhöggur

Surtur Sinmara, mara dauði mrit मृत

Högnuður
Það vantar bagalega orðabókina yfir öll nöfn í goðsögnum og merkingu
þeirra.

Álfloð, týr á meiði, Irminsúl रिभु ribhu

uxar Gefjunar Eyþvari
Sleipnir valkyrja gandreid seiður siddhi swadha suddha fórna són
en fórn þýðir gjöf, það sem fært er til veizlu af gesti, að færa gjöf
Sleipnir Hófvarpnir Pegasus (πεγε hoppa) Jörmungandur
Hrímfaxi Glófaxi

Ymir hið fagra OM aum, ॐ Gymir Hymir

Mjötviður mær Mjötviður ymur hið aldna trje,

Eldir Fimafengur Byggvir Beyla Gná Fulla Hófvarpnir
kettir Freyju Hnoss Gersimi
Lokabörn Fenrir Helia Jörmungandur (3., þrieindir)
Brisingamen, són boðn,
hamingja = sæla Sólar (17.)
Bergelmir Hvergelmir og allir þessir stóru víðu heimar.
Heimdallur gæti verið heims deildir, Verdens deler (C.A.Holmboe, 29.).

Mikið mannfall, segir Helgi Hálfðánarson í Maddömunni með kýrhausinn vera, við að hann fann upprunalegu kvæðin þrjú, sem hann nefnir Ásaspá Mímisspá Járnvíðju.
(Formstef kvæðanna þriggja, © HelgiHálfðánarson:

<i>Ásaspá:</i>	ooo 1 ooo 1 ooo 1 ooo 1 ooo	19
<i>Járnvíðja:</i>	oo 2 oo 2 oo 2 oo 2 oo 2 oo 2 oo	20
<i>Mímisspá:</i>	ooo 3 ooo 3 ooo 3 ooo	15
		54
<i>Völuspá:</i>	ooo ooo 1 ooo 1 ooo 1 ooo 1	6 (5+1)
	oo 2 oo 2 oo 2 oo 2 oo 2 oo 2 oo 2 oo	60
	3 ooo 3 ooo 3 ooo 3 ooo ooo	

Hjákrót og síðaritímatilbúningur fjell (/dó á vígvelli uppgötvunarinnar) í bók hans Maddömunni.

Í Járnvíði fæðir Fenris kindir er: bætir á logana, svo engar sögur fara af afkomendum úlfsins fræga. Spaugileg tilurð.

Persónur sveima þarna um sem ekki er flugufótur fyrir, urðu til við þrímkristnun og skáldaleyfi, við hjákrót, misskilning og innskot skrifara og skýrenda sem ekki voru vel læsir og ekki vel sjáandi menn, og þínupons illilega heilapvegnir. Að ógleymdum fræðingunum sem gerðust heimaríkir hundar í mikilmennsku sinni.

Fræðingarnir gömlu voru abbó úti Helga og Maddömunna, því þeir föttuðu þetta ekki sjálfir.

Sama var með Björn Jónsson lækni í Manitoba og Einar Pálsson leikara í vesturbænum.

Næsta kynslóð fræðinga verður alltaf hrokaminni.

Í þeli niðri vita allir að sannleikurinn getur ekki dáið, en hann getur lagzt í dvala á myrkum öldum -- og varðveitist þannig, sem hneta, oft í aldir, meðan fáfræðin og illska mannanna líður hjá.

Menn vita etv ekki hverjum gersemum þeir eru að koma til komandi kynslóða, en sannleikurinn lifir og getur ekki dáið.

Hann er eilífur því hann er eilífðin.

Við misstum sjónar á Mími og teljum Óðin og Mími goðsagnakarla í krapinu. Annar að plokka úr sjer auga og fleygja í brunn til að sjá. Hinn bara minni um eitthvað sem við munum ekki lengur hvað er. (13.)

Heiðni er hagnýt hverjum manni, hvern einasta dag ævinnar.
Hagnýt vísindi,
nauðsyn nútímamönnum,
nauðsyn heiminum.

Þjóðrerir

Þjóðrerir hristir upp í okkur.
Weltanschauung og heimspeki.
Ný sýn og dýpri er að sjá dagsins ljós.

Við erum vitund á hreyfingu,
Ægir (2.) er fagurt og hnitmiðað táknmál um ginnungagap,
sverð vilji,
hestur nýtur þjáll fararskjóti í Ásgarð.


Orðabókapýðingar, misskilningur, mislestur, vísvitandi rangindi, allt til í einum graut. Raganreykur (rök á sænsku), Sága saga, Týr naut (tyr, dýrseðli, í stað tærrar rjettlætiskennar á æðsta stigi vitundar; 16.).

Sum rangindin eru til komin óviljandi, í sprelli, vegna skilningsskorts á hinni dýpri merkingu, sjerhagsmunadekri, uppspuna óprúttinna manna. Margt hefur skolast til.

En bundið mál riðlast síður en óbundið, þótt ýmsir, jafnvel fræðingarnir, hafi tekið sjer skáldaleyfi við að klastra og bæta í kvæðin. Þóttst skilja, en raunar valdið enn meiri misskilningi.

Vera má að kvæðin hafi fundizt rituð með rúnalettri á miðöldum, en þótt of djöfullegt að varðveita þau sem slík. Því hafi þeim verið breytt obbolítið, sem Helgi Hálfðánarson kallar þrimkristnun þeirra, og þau rituð þannig á latínuletri eða gotneska letrinu sem búið var víst til sem málamiðlun milli rúna- og latínuleturs, því margur hefur líklega sjeð þarna óhemjumikil menningarverðmæti sem synd væri að farga fyrir fullt og allt --- þótt á rúnalettri og djöfullegt væri. Það var nú svolítið hættulegt að varðveita þetta sem heiðni, svo menn notuðu brögð í tafli svo ekki sæist hve djöfullegt þetta athæfi þeirra var í raun.

Iðunn endurnýjar (skv Birni Jónssyni í Stjarnvísi = Freyja)
Skessan meig í Vimur og reynir varð Þórsbjörg.
Sjá bók Björns læknis Manitoba: Stjarnvísi í Eddum.




Freyju kettir



kettir, helg tákn meðal heiðinna, helgir meðal Egypta. Kettir Freyju eru hin hljóðlausa ást, sem kemur með þeim hávaða sem dynur fótataks kattarins er. (Sjá 16. skráðu um Gleipni.)

Kyrkjan taldi ketti djöfla holdgaða, því þetta kattadekur fór svo í taugarnar á klerkaveldinu sem hjáguðadýrkun væri. Kona sem átti kött var sögð norn og sakfelld og brennd á báli. Ef hún lifði af pyntingarnar var hún sannanlega norn, dæi hún af pyntingunum var hún ekki norn. Lífið var murkað úr köttum um alla Evrópu, og hingað til Íslands barst angi af þessu sem sýndi sig í því virðingarleysi að senda smákrakka með poka fullan af kettlingum til að fleygja í ána til drekkingar þeim. Í Evrópu fjölgaði músum og rottum í kjölfar drápsherferðar á hendur köttum, drepsóttir geisuðu, börn og fullorðnir kvöldust og dóu, og klerkarnir sögðu að hefnd Guðs vegna synda mannanna væri hjer að verki.

Mikil málmengun fylgdi innfluttri stofnanatrú. Enginn veit merkingu orðanna, enda yrðu þau þá flöt og lágkúruleg; reynið bara að þýða þau úr grísku, hebresku og latínu yfir á íslensku, og farið svo að skellihlæja að helgislepjunni sem falið hefur þau fyrir merkingunni. Þýðing þeirra yfir á íslensku er of afhjúpanði og lummó fyrir merkingu þeirra, prestur fjarsýnn, biskup eftirlitsmaður, kyrkja rjetttrúnaðareftirlitsstofnun, og þar fram eftir götum. Fólk á Íslandi skildi ekki. Þulið var á óskiljanlegum málum og einhvers konar mógsefjun átti sjer stað. Gott var að dotta og hvíla lúin bein í kyrkjum, og blátt áfram vítavert (og hættulegt) að mæta ekki. Aðskotaorð, jafnvel óskiljanleg mannanöfn, fylgdu. Þau finnast enn í málinu. Engin málhreinsun gerir tilraun til að losna við þau, þó að dönskuslettur hafi þótt ófinar eftir að danskan datt úr tízku, og viskustykki og dúkka það eina sem lifði af málhreinsunina og almennilega lifir enn. Góð orð einsog fortöv og gallossíur alveg dottin úr tízku. En gríska latína hebreska lifir í stofnanatrúar fokdýrum ríkisrekstri.



Völd skapa vandamál

Stofnantrú er alltaf hrædd því völd og ótti eru samtvinnuð, og stofnun og rjetttrúnaður þurfa völd, því þar eru sumir að troða skoðunum uppá aðra.

Tvenns konar ótti:

- 1) Sá sem völd hefur veldur öðrum ótta, og þarf að halda hinum í óttablandinni virðingu fyrir sjer,
- og 2) sá sem valdið hefur óttast að missa völdin.

Það þarf oftast að búa til sameiginlegan óvin til að þjappa undirtyllum saman um og gegn, til þess að ekki beinist óvild og kvartanir að valdhöfunum.

Þetta er vel þekkt í sögunni.

Allt slíkt er alveraldlegt tæki hvað sem það annars kallast.

Stofnanatrú verður alltaf að vera á verði um að ekki sje verið að grafa undan henni.

Til dæmis er hún hrædd þegar henni er ógnað með því að lunkubragði að læða yoga inn í sauði hennar og segja þeim að yoga sje ekki trúarbrögð heldur hugarkyrrð og fyrir alla menn. Þetta gæti verið dulbúinn óvinur kerfisins.

Óttaleg óttatilvera, og mikið peningaflæði, hjá svona stofnunum.

Þeim væri fyrir beztu að snúa sjer einvörðungu að sannleikanum.

Sannleikurinn verður aldrei tímans tönn að bráð, aðeins hið hverfula.

Sannleikurinn er ókeypis, svo peninga skattborgara þyrfti ekki.

द्वीत्यद वै भयाम भवति द्वितीयाद्वै भयं भवति

tvískinnungur veraldarinnar veldur ætíð ótta

en

í eindinni, ginnungagapi, er ótti ekki til.

Kerfi, stofnanir, jafnvel heilu menningarheimarnir, allt sem í veröld er, lýtur ferli (22., jötnar Geri Freki),

en sannleikurinn finnst alltaf aftur því hann er ódauðleikinn, eilífðin.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, er til heilla sje hún í heiðri höfð.

Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð -- til að afsaka eða rjettlæta hana --, er rótlaus og skeinuhætt, sníkill á rótföstum meiði okkar. Sem KamJafetNóasona-dæmi á heima þar sem það á heima. Við höfum okkar menningu sem hentar okkur.

paradharma परधर्म svadharna स्वधर्म

annarra dharma, eigið dharma. Það býður heim hættu að lifa örlög annars manns.

Lifðu eigin örlög.

Hver maður skyli lifa sín eigin örlög.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna sið, svadharna.


Paradharma, annarra þjóða aðflutt trúarbragðakerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður heim hættu.

Sjeu aðfluttar skoðanir taldar samtvinnuðar þarf að skilgreina íslenska menningu í því samhengi.

Það er ætlun Óðsmála.

Leiða menn í allan sannleika um þann meið sem við erum af komin.

Hver er inn sterki stofn, inn sterki grunnur, sem allir tala alltaf um þessu samhengi, -- íslensk menning -- sem hið innflutta aðflutta hafi samofist eða samtvinnast?



kristnitakan

mynd úr frönsku tímariti, kross og vopn.

Aðkomuskoðunum var þröngvað uppá okkur með vopnavaldi og líflátshótunum.

Aðeins af skynsemiástæðu var nauðungarsamningurinn, -- svokölluð sætt og samþykki.

Það var til að bjarga mannlífum.

Þarna var orðið trúabrögð að koma til Íslands,

og leit út fyrir að stutt væri í fyrirbærið og orðið trúarbragðastríð.

Það var svo fyrir alvöru á Sturlungaöld, miklu síðar. Kristni íslenskra manna og kristni Noregskonungs, trúarbragðastríð á Ísalandi.

(Seiðskrati verður djúpt hugsí, og muldrar svo einsog í leiðslu:)



„Hafa skal það er sannara reynist”.

Þið ættuð að rýna meira í þau orð.

Milli línanna stendur að menn viti sannleikann, en hann er ekki skráður hjer.

Það var lífshættulegt að skrá hið sanna,

hið sanna var það sem ekki mátti skrifa,

valdhafar halla oftast rjettu máli sjer í vil. Röng mannkynssaga er tæki.

Líkleg mun koma í ljós einnig að saga Íslands byggðar sje hálfri annarri öld lengri en Ari fróði segir. Kannski bíbliútímatals-hugsun hafi ráðið för.

874 ætti frekar að vera 700 eða svo.

(Páll Theodórsson ofl, aldursgreining fornleifa uppgrafinna með kolefni-14 aðferð; sjá Skírni 1996.)

Við fluttum með okkur heims fegurstu menningarverðmæti sem nú eru að endurupp götvast -- skiljast á ný.

Margir hafa ætíð Skammkatlarnir verið.

Hjerar þegar á reynir. Eða lunknir við að bjarga eigin skinni í þeirri von að geta talað og skrifað enn um sinn.

Við vissum sannleikann um atburðina.

Við vissum um grimmd og hótanir.

Enginn gat skrifað allan sannleikann.

Skráða sagan er ekki sú in sanna saga í einu og öllu.

Við, þá lifandi menn, vissum,

en að segja allan sannleikann -- þá var dauðinn vís.

Jeg blótaði á laun. Jeg var seiðkarl. Jeg sagði sannleikann. Þeir drápu mig þá.

Að leyfa að blóta á laun leit út sem sanngirni, málamiðlun, en var snjöll leið til að finna „svörtu sauðina”, hina sannheiðnu menn sem ljetu baða sig í volgu hveravatni til að vera ekki drepnir.

Helia vinkona okkar er kaffipása milli æviskeiða, köld og björt.

Eftir dvöl í hennar faðmi valdi jeg mjer Ísland á ný.

Hjá Helju (13.) er jeg: ek svinnur hugur (14.),

ekki sem höfuðskepnurnar: rúm loft eldur vatn jörð. (26., 14.)



Helía hagall

Gerri og Freki (22.) eru endurvinnsla á bókum okkar, rúm (að hluta) loft eldur vatn jörð. Kjöt gefur Óðinn greyjum sínum.

En við vín eitt Valföður æ unir, lífsflæðið, svinn.

Ek svinnur hugur

8-föld náttúra, jörð vatn loft rúm hugur vitsmunir ek(bý mig til):

भूमिरपो ऽनलो वायुः खँ मनो बुद्धिरेव च। अहंकार इतियम् मे भिन्ना प्रकृतिरष्टधा ॥

36. og 26.; í náttúrunni eru 8 þættir, hinn mikli svinnur 8-þættur, ginnungagap 8-þætt í hinu skapaða.

Nú fæðist jeg inn í sat-yuga og held áfram á minni þróunarbraut.

Nú skyli kenna komandi kynslóð annað og betra en lygi, misskilning og afbakanir.

Sannleikurinn og skilningurinn glataðist í aldanna rás, því aðeins hið skrifaða varðveittist.

Það sem sannara reyndist, gleymdist,

það sem ekki var ritað, geymdist.

Enn og æ og sífellt er tönnlast á innprentaðri lygi um okkar forna sið, og um atburði.

Lítilsigldir eru þeir menn sem hræpa vörn sið.

Lítilsigldir eru þeir sem ekki skilja hvað gerðist,

hvers vegna ekki urðu blóðsúthellingar.

Hvers vegna þessi ákvörðun var tekin.

Guðveldið var kallað nýi siður, en er ekki siður í þess orðs merkingu.

Guðveldi er aldrei siður.

Siður er sjálfum gefinn fullkonnun gert tært/hreinsað út

sva-dha, स्वध siddhi सिद्धि súddha सुद्ध

आशिर् aasír er blanda, blanda t.d. sóma सोम úti mjólk til að gera hana tæra.

Menningarsiðir (/ -venjur) er eitt forni siður er annað.

Siðir og siður er tvennt ólíkt.
Lítill akkur er í að varðveita yfirborð, ef kjarni málsins glatast.

Siðir breytast, menn breytast, en forni siður breytist ekki.

Sannleikurinn er einn, og getur ekki dáíð.
Forni siður er um sannleikann, ginnungagap, eilífðina.

Menn þurfa að skilja tilgang lífsins.
Menn þurfa heildarsýn.
Menn þurfa að vita hvað gera á á ævi hverri.

Þröngsýni, kreddur, þjóðfélagsreglur, eru ekki forni siður.

Hver er sossu munurinn á G-streng/bíkíní og arabískum kvenna-
mussunum? Hvort tveggja sömu þjóðfélagsreglur aðeins mismunandi
efnismagn.


Norrænir menn hafa alltaf átt letur.
Ljótt er að heyra innprentun um að latínuletrið hafi borist norður á
bóginn til að kippa leturleysi okkar í lag, og það hafi breytt öllu að geta
nú skrifað.
Hið sannara er að latínuletri var þröngvað uppá okkur og rúnirnar
bannaðar sem djöfullegar. Allt brennt sem brunnið gat af því sem náðist.

Munkar töldu mönnum trú um þeir væru að safna öllu skrifuðu því nú
skyldi rannsaka það og varðveita. En allt fór á bókabrennubál.

(Östen Kjellman, Den forna seden, Valkyrieförlag, Svíþjóð)

Rista, rísta, er að rífa upp, erta.
Lesi er að tína upp. Sbr. lesa blóm, lesa ber.
Letur úr latínu lino smyrja, svo lettra, er að rjóða á.

Norrænir menn áttu letur áður en latínuletrinu var troðið uppá okkur.
Ranglega er ennþá innprentað að norrænir menn hafi ekki átt letur (!!!)
-- en samt skrifuðum við. Hvernig þá?



Slæmt að munkar skrifuðu -- á latínu -- og daktuðu upp ranga mannkynssögu.

Þeir skrifuðu það sem Róm vildi heyra, og gerðu mikið úr sjer til að verða helgir menn, sögðust hafa drepið heiðingja, en slíkt var greið leið til sankti-titilsins.

Og enn greiðari var leiðin til sankti-titils, ef Rómarveldinu var gefið land heiðingjanna eftir að þeir höfðu verið drepnir. Stundum skírðir með valdi til að bjarga sálum þeirra, svo drepnir af öryggisástæðum.

Rómverjar stálu frá Etrúskum, Grikkjum, okkur heiðingjum, og öllum öðrum sem heimsveldi þeirra spannaði -- og spannar enn undir öðru nafni.

(The Saxon Savior, sniðug bók sem afhjúpar stuld menningar.)

Mörgu var umsnúið.

Falleg gömul orð látin tákna hið illa, vonða karlinn, óvininn, sem er kannski í eingyðji, dýpeisma (gott illt togast á), og í djöflatrú sem til varð úr innihaldi Guðveldanna.

Af fía fjá er fjandi (rjett einsog sjea sjá, ljea ljá osfrv.), tívar, deva, djöflar, demon, skratta, hlæja á sænsku og skrati, seiðkarl, blóta og ragna breytt í að ákalla óvininn hættulega -- sem við þekktum ekki.

Í heiðni er enginn óvinur nema hvað hver og einn getur verið sjálfs sín óvinur ef hann lifir í ósvinnu og gruggi. (31., 1.)

Heiðnir menn eru ábyrgir fyrir sjálfum sjer og allri náttúrunni.

Engum öðrum er um að kenna en mönnunum sjálfum ef illa fer.

Guðfræðiprófessor nokkur segir að interpretatum cristianum frá miðöldum sje enn mjög við líði í nútímanum.

Annar guðfræðiprófessor vill helst ekki hafa neitt annað en kristinfræði í trúarbragðafæði í Háskólanum. Annað eigi ekki erindi, enda lítills virði. Kannski verður næsta kynslóð tærari, því nú er að koma sat-yúga.

Alltaf hafa einhverjir skilið.

Kringum 1945 kom grein í Ganglera, riti guðspekifjelagsins um heiðni þeosófiu, en þetta fag á erfitt uppdráttar þar sem margir (t.d. opinberir embættismenn og prófessorar) leggja mikla áherslu á að þetta fag sje ekki til (því þeir telja nefnilega að það eyðileggi fyrir þeirra embættum), en jeg held að það ætti að ver óþarfa fóbía að vera hræddur við það sem sannara reynist. Auðvitað reynist sannleikurinn skeinuhættur þeim sem lifa á að hann komi ekki í ljós.


Fræðimenn sem skrifa um forna sið í þátíð hafa ekki djúpan skilning þótt hugmyndaflugið og utanaðbókarlærdómurinn sjeu mikil, enda fara þeir stundum á kostum og slá hver annan út í útskýringum, og gera þannig mikið gagn.

En einn maður, John, Skoti, kom til Íslands til að draga Þrymskviðu sundur og saman í háði, og hló mest sjálfur að sjálfum sjer og sinni ræðu: Þór var t.d. orðinn vanaður því hamarinn var kynfærin hans; og fyrirlesarinn sjálfumglaði, John skozi, sagði að það væri ömurlegt gat í kvæðinu af höfundarins hálfu því enginn karlmaður var með í för til að afhenda brúðina. Fyrirlesarinn var sá eini sem hló, hló að eigin fyndni sem engum öðrum (/þ.e. áheyrendum í salnum í Árnastofnun) þótti fyndið.

Auðvitað var þessi fyrirlesari svo kristinn að kvæðið gekk ekki upp í hans huga, og hann vildi endilega sjá allt heimskulegt og ljótt.

Maður þessi, John, kom á vegum Sókratesarstofnunar, og jeg vorkenndi Sókratesi og Háskólanum að vera bendlaðir við þessa hörmungarheimsku alla.

Trommarar og píparar voru rjettdræpir undir kristni og engin manngjöld skyldu koma fyrir



En hljóðfæri varðveittust hjá Sömum, enda erfitt fyrir Rómarvaldið að ná til þeirra á norðurhjara í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Rússlandi.



(Seiðskratinn talar ekki endilega í samhengi, en lætur hugann reika úr einu í annað, og litla völva hlustar þögn og grípur ekki fram í.)

Ekki er rjett að við sjeum vegna þess að við hugsum.

Þessi margtuggna tugga er öfug!

Rjett er: við erum og þess vegna hugsum við.

Við hugsum vegna þess að við erum.

Þegar við svo sóumst -- erum á 4. vitundarstiginu um stund -- þá hugsum við ekki en erum miklu meira, miklu víðari, miklu meira við sjálf en sem einstaklingar. Við gleikkum í Glæðheima.





Þá erum við nefnilega hin eiginlegu við,
en þá er engin mannleg hugsun í kollunum okkar.

(djúpsvefn, draumsvefn, vaka eru 3 vitundarstig sem við þekkjum;
í 30. skræðu eru útskýrð vitundarstigin 7)

Til er TM-sidhi® prógram sem þjálfar hugann til að hugsa útfrá uppruna
sínun, tærri vitund.

Fyrst notar maður TM-tæknina til að sóast í fjórða vitundarstigið,
svo hugsar maður út frá tærri vitund.



© Global Country


Siddhí þýðir fullkomið. Við verðum fullkomnir menn. Altærir.

Smátt og smátt, við iðkun TM-sidhis, dýpkar hugsun í vöku manns,
við lifum tærleika í vöku, draumsvefni og djúpsvefni.

Sá sem svo getur lifað tæra vitund í lífinu
og hugsað veraldlegar hugsanir úr tærri vitund öllum stundum,
er kominn í Valhöll.

Það eru 5. og 6. vitundarstig manna, sem þá kallast á vorri tungu
að vera einherjar.

Sá sem 7. vitundarstig lifir er í eind.



Einherji sjer veröld aðskilda frá sjer,
sá, sem í eind lifir, sjer að allt er hann og hann er allt.
(30., vitundarstigin7)

Menn með mannlegan heila, --- en samt engan mannlegan skilning. Þ.e. enn með paradísarstigið og Gymisgarðana í eftirdragi einsog Gerður (sjá 8.)

fara villir vega sinna, og villa um fyrir öðrum með villandi útskýringum sínum ---

þeir menn skemmta oft sjálfum sjer mest í grunnhyggni sinni.

Við þurfum að vita og skilja, nú á raunverulegri vísindaöld -- sem er að sjá dagsins ljós --, að ekkert í alheimi er utan náttúrulögmálanna, allt er á þeirra sviði,

ekkert er sem ekki er gætt þeirra „ósigranleika”
-- sem þýðir: þau eru alltaf rjett og ekkert annað fær staðizt.

Þau eru alls staðar í senn, hafa kraft til að gera allt, eru allt.

Ekkert og enginn getur sigrað lögmál náttúrunnar. (5., tívatún.)

Við finnum kraft og kyrrð í öllu sem náttúrulögmálin gera og eru.

Allt er úr eindinni miklu komið,
allt er raunar útfærsla á henni sem sköpun, sem hinn skapaði alheimur.

Eindin, ginnungagap er allt, en tekur ekki þátt, aðeins er uppruni alls sem hjer er.

Við skulum reyna að útskýra hvað það er að stríða gegn lögmálum náttúrunnar:

Sá sem býr sjer til eða lepur upp lög eða lögmál sem stríða gegn lögmálum náttúrunnar er að gera vitleysu og það sem hann er að hugsa fær ekki staðizt.

Tökum sem dæmi:

sá sem drepur aðra lífveru, fyrirkemur lífi, eða segir að í lagi sje að drepa, eyðileggur semsagt þróunarferli annarar lífveru, stríðir gegn náttúru- lögmálum,

en þau eru alls staðar og alltaf rjett, og alltaf í þróunarátt, aldrei gegn þróun.

Að stríða gegn lögmálum náttúrunnar, hverra forsetar guðin eru, er kallað að gremja gegn sér móður náttúru. (36.)

Forðumst slíkt. Við skulum elska hana of virða.

Jötnar (32.) sem fyrirkoma efni eru hluti af hringrás, gera rúm fyrir nýja sköpun, og eru þarmeð hið bezta mál.

En að meiða lífveru er rangt,

að deyða líf, eyða fóstri, drepa sjer til matar, er morð.

Er hið versta mál.

Þegar móðir náttúra springur, Fenrir hefur vaxið um of, drepst úr dróma og leysist úr læðingi, drepa menn oft menn í stríði -- en stríð verður við að náttúran þolir ekki meir af rangindum mannanna.

Þá er Þundarflæði (dharma) „með” þeim sem koma gleipni á Fenri, en ekkert er sem styður þá sem Fenri fæða. Þeir lenda í hringrásinni, endurvinnsluferlinu.

Náttúran leitast við að koma á jafnvægi á ný, og það gerir hún alltaf, en sje þanþoli hennar ofboðið, springur hún (36.).

Það er erfitt að fá menn, sem lifa enn myrkar aldir fáfræði og rangrar innprentunar, til að skilja, að þeirra eigin vitund er tær vitund, alheimsvitund.

Jafnvel vísindamenn, sem eru lokaðir inni í þröngsýni og sjálfumgleði filabeinsturna sinna, vilja ekki bæta við þekkingu sína, því þeir telja sig ekki þurfa og eru vissir um að prófgráðan þeirra veiti þeim rjettindi til að vita betur en aðrir um sitt afmarkaða sjerfag, hvert sem það nú er í hverju tilfelli.

Þegar þeir eru komnir úti horn með rök, benda þeir á sjersvið annars vísindamanns og taka fram að þetta komi sínu sérsviði ekki við.



Yatha pinde tatha Brahmande यथा पिण्डे तथा ब्रह्माण्डे

svo sem hið smæsta er þannig er og alheimurinn.

Það flækist fyrir sumum að skilja að hver smæsta frumeind er einsog alheimurinn, jafnvel í kjarnsýrunni (DNA) finnsta allt, og það gleymist að við erum alheimurinn.

Í mannlegum líkama eru öll náttúrulgömálin.

Þess vegna getum við lifað svona einsog mannlegt líf veitir möguleika á.

Við erum sköpuð í mynd ginnungagaps.

Öll regla tívatúna (5.) er hér.

Eða: Guð skapaði manninn í sinni mynd.

Líkamlega erum við nákvæmlega eins og stjórnarskrá alheims, náttúrulgömálin.

Tony Nader MD PhD, maharadja adhiradja Nader raam, segir svo og skrifar um það læknisfræðibækur.

Við getum því lifað ginnungagap og öll þess lögmál.
Við, hin eiginlegu við, erum ginnungagap og öll þess lögmál,
og líkami mannsins er ginnungagap og öll þess lögmál.

Enginn staður á himni eða jörðu er til sem er utan náttúrulögmálanna.

Tívar eru almáttugir, alls staðar til staðar, og allir vita allt og sjá allt á sama broti úr sekúndu.
Ekkert er utan þeirra.

Þeir eru sköpunarkraftur hins ginnhelga gaps.
Sama frá hvaða sjónarhorni við lítum á málið,
sje það vísindi, andlegheit, efnisheimsformúlur, efasemd um að einhver
hafi skapað eitthvað úr einhverju (eða engu) nokkurn tíma,
að stóri smellur, big bang, hafi verið annað en tilviljun.

Svona hin og þessi sjónarmið og mismunandi sjónarhorn breyta raunar
engu um orkuhlaðna kyrrð og kyrra orku sem alls staðar er.
Ekki heldur neinu um að við erum hún. Iðavellir.

Nú ættum við ekki að halda að við förum til himnaríkis, því himnaríki er
hjer og nú, og hver sem er getur lifað það, sprelllifandi á jörðu.
Við förum ekki neitt í raun, aðeins finnum himnaríki þegar við erum
altær. (31.)

Rjettur hvers manns sem fæðist er að læra þetta.
(37., vitundarþroskamenntun)

Við þurfum aðeins að benda öllum á þetta, því verið gæti að þeir viti það
ekki ennþá. Hafi heyrt ýmislegt annað og trúi því áfram þótt
vísindinunum fleygi nú fram.

Ef menn halda að þeir deyji úr kroppnum og verði eftir sem Gungnis-
pakki (sem þeir taki með sjer „hjeðan”), eftir að hafa lifað á einhvern
sjerstakan hátt eða einhvern annan hátt, komi svo að himnaríki sem
þessi Gungnisbúnt, verði þá loks í himnaríki (verði þá fyrst hleypt inn í
himmnaríki) og verði þá fyrst himneskar verur, má gæta sín á að lífið (hjá
þeim) verði ekki aðeins bið eftir einhverju betra.

Það er nefnilega sóun að mannsævi að bíða eftir að deyja úr kroppnum
góða.

Við þurfum að nota ævina til að vígja okkur tær. Himmnaríki er hér og nú.

Sá sem ekki hefur lifað himnaríki á jörð í sínu lífi á jörð, verður ekkert meira himneskur við að deyja úr líkamanum.

(Helia, 13.)

Við förum einfaldlega ekki í himnaríki, heldur getum við lifað það lifandi, vegna þess að mannslíkaminn er tívatún, og hann -- athugið -- hann, líkaminn, musteri sálarinnar, --> er tækið til að vígja sig altæran og þar með lifa himnaríki á jörðu. (31.)

Gruggurinn kemst ekki í þetta margumrædda himnaríki, en tærleiki er þetta margeftirsótta himnaríki. (Syn, 6.)

Ekki bíða eftir alla ævi og reyna að verða Gungnir (deyja úr líkamanum) víbru-búnt sem mun komast til himna. Ekki eyða ævinni í svona pælingar, því hið veraldlega „fer ekki í himnaríki“. Himnaríki er lifað í altærum líkama. Það er Valhöll sprelllifandi manna (5. og 6. vitundarstig).

(13., hvað fer til Heljar,
22. hvað fer í Gera Freka og jötna)

Reynið frekar að lifa sem himneskur og tær einstaklingur, Gungnir ykkar kropps sje í týrjettu Þundarflæði, líkaminn alheilbrigður. Það er himnaríki á jörðu -- vonandi allir að leita þess.

Þegar svo uppljómaður einstaklingur deyr úr sínum líkama, fer hann ekki neitt, því hann er nú þegar ginnungagap.

Þetta var nú einfalt að skilja, ekki satt?

En nú skulum við skemmta okkur og öðrum með góðri skemmtan.



Þrymskviða, 20., Freyja, 32., þursar;
Dauði Baldurs, 17., Nanna, 18., harmur Friggjar, 19., Mundilfari,
en öll sólguð rísa upp á þriðja degi;

vetrarkomugleði, 7., Vetur konungur og Snædrottningin, og 19., Mundilfari;

handrit að **Skirnismálum**, helgileikar, 8., Gerðargleði
http://www.mmedia.is/odsmal/Skirnis_isl.html;

Ólafur liljurós betri maður, 23., álfar;

nafnarunur og guðin vakin, 9. (hjer á eftir) skemmtun og rapp seiðskrata;

Hrafnagaldur Óðins, Forspjallsljóð, hægt að flytja fyrir alla leika (30.)

Bónda minn hálfan, árans bjálfann, 9. (hjer á eftir);

Helgileikar, jólaleikar, stemmur -- allt leikið og sungið af krökkum á stórhátíðum og öðrum blótum.

Rakni og Þögn og leikjasafnið **KLUKK** (12.)

Baldurs draumar, 21., líklega er það kvæði glatað;

en Goprun dimmblá hefur samið tónverk fyrir raddir, trommu og flautur --- tónlist og dans

ekki texti, aðeins hummað og opin rödd



Flytjanlegt bálfararskip

Hringhorni Baldurs

<http://www.mmedia.is/odsmal/cremationship.shtml>

hengt aftaní 4x4 -- og hver og einn getur látið brenna sig hvar sem er á landinu að eigin ósk. Hugmynd Goprunar dimmblárrar.

(Björn Jónsson Stjarnvísí í eddu: Hringhorni, sigðbogar sólskífu er hún gengur fyrir tungl)



Leitið ætíð hins æðsta



21., Skaði Baldur



sem er ég sjálfur, innra með mér, sem leiði sjálfan mig.

Krakkar, æfið söng til að troða upp með á þjóðlegri skemmtun eða blóti; komið saman sönghópi og flytjið þjóðleg kvæði og stemmur.

Sá jeg spóa, keðjusöngur sem allir kunna:

einn syngur alla vísuna einu sinni,

byrjar svo aftur og

næsti byrjar við: syngur lóa

cc- ff- (háa)'c'c- 'c---
aa- ff- gg- g---
ff- cc- (háa) 'ff- 'f---
a f- (lága) g c- ff- f---

sem er þessi gamla stemma við aðra nafnapulu en hér er skráð:



(Auðvitað má rappa þetta ef maður vill!!)

Færeyingar röppuðu kvæði Egils Skallagrímssonar, og mér skilst að dróttkveðið sé rosalega gott í rapp)

Rakni, Hrami, Fornjótur,
Húni, Hvati, Butraldi,
Húnn, Höður, Hækingur,
Sörkvir, Þjazi, Höðbroddur,

Hösvir, Höttur, Ölvaldur,
Prasir, Prasar, Þórhaddur,
Þrasi, Þengill, Þjóðrekur,
Vöggur, Vignir, Víghvatur,

Víðarr, Váli, Valgautur,
Ubbi, Tandri, Úlfhjeðinn,
Svipur, Styr, Hæringur,
Sváfnir, Snörtur, Nefjölfur,

Skefill, Skopti, Ósvífur,
Sigar, Refur, Niðuður,
Narfi, Nagli, Leggjaldi,
Leiknir, Kvígur, Grímúlfur,

Kraki, Ísar, Gandálfur,
Hávarr, Harri, Föstólfur,
Gyrðir, Gellir, Böðmóður,
Gamli, Frosti, Dörruður,

ein/einn, syngur hátt með allt öðru lagi: (hinir fípast, byrja á Fo..)

Bjössi og **Barði** vor'í bíó:

„Bráðum **verður** hlje, Barði”.

„Já”, sagði **Barði**, „förum fram og,

fáum okkur ís, Björn”.

*(kvæðamenn líta hver á annan, ekki mjög hressir yfir innskotinu;
en koma sjer í gang að nýju)*

Forni, Fjörnir, Áslákur,
Falur, Erpur, Ásröður,
Darri, Bófi, Úlfhamur,
Bósi, Bassi, Ásmóður,

Balti, Bjölfur, Pottaskefill,
Blængur, Bjáfli, Askasleikir,
Álfarr, Auði, Höggvandill,
Þögn, Þorvje, Böðvildur,

Böðveig, Ásvör, Gauthildur,
Auðna, Vjelaug, Lofnheiður,
Vjený, Úlfrún, Ellisif,
Mardöll, Líneik, Gluggagægir,

Lofn, Jóra, Stekkjastaur,
Gefn, Sigun, Giljagaur,
Dröfn, Dögg, Skyrjarmur,
Dúfa, Álfvör, Hurðaskellir,

Fífa, Stúfur, Þvörusleikir,
Gáttapefur, Ketkrókur,
Loki, Poki, Faldafeykir,
Leppur, Skreppur, Kertasníkir,

Þrándur, Þröstur, Bjúgnakrækir,
Bolli, Hnúta, Leiðindaskjóða,
Koppur, Kупpa, Strokkur, Strympa,
Dallur, Dáni, Sleggja, Sláni,
-- ein bætir aftanvið: Djangi, Skotta, Sighvatur og Syrpa,
(hinir fipast, og horfa með umvöndun á þá er slílbrotið framdi
en koma sjer í gang að nýju)

Þorri, Fönn, Drífa, Mjöll,
börn eru Snæs konungs,
egðir, assa, Singasteinn,
Vindljóni faðir vetrar,

Ránar dætur allar 9,
Fenja, Menja, Tanngnjóstur,
Byggvir, Beyla, Tanngrisnir,

Fróði, Eldir, Fimafengur,

Eyþvari, uxar Gefjunar,
flýgur Gnáar Hófvarpnir??
Geri, Freki, glatunshundar,
Huginn, Muninn, Auðumbla,

Endill, Róði, Rifingafla,
Rígur, Norri, Grottintanna,
Nóri, Nör, Náttar faðir,
Urður, Skuld, Verðandi,

Ánarr, Ónarr, Heiðdraupnir
Gestill, Heimðir, Vindljóni,
Hösvi, Snörtur, Hnikuður
Vindhljær, Júlfr, Gestumblindi,

Forni, Sveigðir, Sveðjandi,
Hrami, Gizzur, Jörmunr,
Rungnir, Bestla, Geirlöðnir,
Sváfnir, Rögnir, Geirölnir,

Ginnarr, Kinnarr, Jölfuður,
Jólnir, Þundur, Vindófnir,
Valtýr, Sigtýr, Gapprosnir,
Ófnir, Hangi, Eylúður,

Hangr, Sigtýr, Eynæfir,
Vilja bróðir, Váfuðr
Svipall, Hrótr, Unnur/Unnr.
(allt í einu kemur önnur stemma;)
og nú koma nútímanöfn
(samið af íslenskukennara):

Ósk Ýr Dýradóttir gekk
rösklega með Brand Ara
í ammælið til Egils Daða
þurft'að sækja Loft Stein

og Leif Arnar í leikskólann.
Borgar Vörður á mót' þeim tók,
hann var pabbi Egils Daða,
sem átti jú umrætt ammæli.

Þarna voru Lind Ýr,
Líf Vera, Sól Hlíf,

Ævar Eiður, Hreinn Bolli,
nafni hans Hreinn Sveinn,

og sömuleiðis Ljótur Ketill.
Erlendur Hreimur kom blaðskellandi
innanúr stofu, og Mist Eik
og Dís Ester á eftir.

Innan úr herbergi Egils Daða
ógurlegir skruðningar:
Línus Gauti, Barði Vagn
og Auður Blær voru mætt.

En hvar voru Ríta Lín,
Helga Nótt og Skuld Karla?
Fyrir utan húsið var
Sædís Líf í Fólksvagni.

Hægt og hljótt kom Jökla Mey
eftir stígunum, gangandi,
Hún var orðin allt of sein
í Egils Daða ammælið.

og búið til meira úr
Endill Eimuni Róði Rigur Eyþvari Rifingafla Nör Grottintanna Ánarr
Heiðdraupnir Hveðrungur Gestill Vindljóni Hörn Hörvir Singasteinn
Heimðir Hörvir Hösvi Vindhljær Snörtur Jólfr Hnikarr Hnikuður Svipall
Forni Svispdagur Gestumblindi Gestill Gestmóinn Sveðjandi Sveigðir
Rögnir Gaupnir Unnr Hríotr Hrami Gizzur Jörmunr Geirlöðnir Jölfuður
Geirölnir Rögnir Sváfarr Ginnarr Jólnir Þundur Vindófnir Valtýr
Gapþrosnir Sigtýr Hangi Váfuðr Eyleiður Eynæfir Vinnill Angeyja Glórnir
Hængi Þriði Geiguður Svára Svárungr Sviðarr Svipul Svíarr Númi
Snörtur
skýðir hörvir egðir hangrvalur hettir tara þrös glatshundur glygg jölfuður
jumala
gulls glötuður

Þetta er endalaus skemmtun, virkar sem rapp,
er skírskotun til menningar okkar,
og öll þýða nöfnin eitthvað.

Svo svona úr heitum og kenningum:
skýðir hörvir egðir hangrvalur
hettir tara þrös glatshundur

glygg jölfuður ketta jumala
maðr er gulls glötuður

Einnig má nota nöfnin úr guðaspjöllunum og kvæðunum:
And- Eld- Sæ-hrímnar („eldhúsið í Valhöll”)
Tanngrisnir og Tanngnjóstur,
Röskva Þjálfí..... , sem jeg taldi upp áðan,
og eflaust hægt að bæta við.

Við vekjum guðin innra með okkur með því að nefna þau.

Annars gerum við mikið af því dags daglega -- einsog fólk um víða veröld:
þórsdagur freyjudagur lokadagur sunnudagur mánadagur týsdagur
óðinsdagur. (24., guðin dagarnir reikistjörnurnar og mannsheilinn.)

Svo og fje aurum fylkir..... sem jeg talaði um áðan í upphafi spjallsins
(bls 1-2).

Endilega lesið samt yndislegu Maddömuna með kýrhausinn áður en þið
kemið Völuspá fyrir nafnarunrunar ykkar.
Í Maddömunni er mikið mannfali. Fjell þar gervallur Vanaher,
Fenris kindir,
Egghjer og harpan,
Gollveig,
Angantýr, og enn fleiri.
Sleppið öllum þessum draugum sem ganga um í þrímkrístnuðu
skáldaleyfisútgáfu Völuspár.

Hjer er svo þula, sungin, þjóðleg og skemmtileg;

söguljóð þetta er byggt á sannindum
frá grúskara á hjeráðsskjalasafni við sunnlenska jökulá
höfundur (semur undir dulnefninu) **Ókunnur**

(svo úr verður: höfundur ókunnur!!)
en höfundur kvæðis og stemmu er Goprun dimmblá,
Gauja goði ‘Oðsmál Norræn menning
5528080,6941264

Hér er stemman við „Bónða minn hálfan“.
Góður kvæðamaður gæti lengt áherzlutóna
t.d. (sjá 1.vo (vísuorð)): búíð **höfðu** búúi síin...

(og 5.vo): lengi **blíðu**...

(smeygt inn þögn á undan 7.vo.): -- (smáþögn, svo) langa ævi
(og lengt endanótu mjök; 8.vo.): við vinnu og vá á á á n

Alto

Bónda minn hálfan

Búið höfðu
 búi sín
 bóndi og hans
 dyggva kván,
 leng' í blíðu
 og í stríðu
 -- langa æfi
 við vinnu og ván.

Búið stendur
 bökkum á ár,
 breiða fljótsins
 Ísa-ár.
 Ógurlig sú'r
 á að líta
 -- þeg'r hún jökum
 ryður grá.

Börn og buru
 bæði saman
 gátu hjóna-
 kornin gör;
 vaxin váru úr
 grasi öll saman;
 -- voru hjú þar þó
 mörg og snör.

Ógurlig er
 áin ísa
 er hún ryður
 jökum stór'm,
 flaumur frýsar,
 stynur þungan,
 -- ferlegt fljót í
 jötunmóð'.

Bóndi, ei ungur,
og hans kona
bæði enn í
sínnum rann
saman búa
svo sem von er
-- um kvenskörung
og hennar mann.

Beljar fljótið
barmafullt af
jökum ljótum,
ísilagt,
hættuligt er
grænkólgandi,
-- hamförum fer,
viðsjálvert.

Bóndinn samt á
ísinn leggur,
fótfrár er 'ann
sem gemlingur, því
fagurt fljóð er
handan faumsins:
-- Guðrún griðka,
hringaná.

Ein sitr eptir
bóndans kván
þeygi glýjuð,
þungur sefi,
ótti grípur,
hnuggin og hnípin,
-- „ó, bóndi minn”, og
nagandi efi.

Morgin næsta
aptur snýr
bóndi heim í
föðurrann;
ekki leyndu
augu því að
-- sprund á talar
dregið hafði hann.

Beljar fljótið
ógurlega,
ólgar blóð í
bónða mjök,
næstu nótt á
á isinn flýgur;
-- á því frygð ber
alla sök.

Bóndans kon' er
situr ein
brott sjer skund' á
ísinn hann;
angri nöguð,
áhyggjumeini,
-- sinn ektamak' og
eiginmann.

Biður Guðrún,
ung og kát á,
bökkum Ís'ár,
friðils síns;
faðmast þau og
gera margt er
-- eyrarúnu
einni er sagt.

Kaldan vermir
bónða skauti
drósin, hón er
hlý og mjúk.
Hverfur þó bóndi
enn á brautu,
-- eftir að hann
ásta naut.

Kemur heim um
morgin enn
bóndi glýjaður,
hughrifinn.
Bóndans kon' í
gaupnir sjer lítur,
-- ráð að finna
bíræfin:

Um nótt hon fer

seiðskrat' að finna,
biðr'um mátt tilað
láta linna;
„hugarangur, því
bóndi minn mæti
-- í fljótið horfið
ógnliga gæti.”

Sendir nú seiðskrati
á sjálfan djáknann
sem forðum ísa
á Myrká reið;
sendir nú seiðskrati
sjálfan djáknann
-- yfir Ísaá
erinda mikilla.

Ríðr nú djákninn
draugs í líki,
Grani vanur
ísum og dýki;
skeiðar gradd' á
jökum þunnum
-- ber yfir flauminn
knapann dauða.

Biður Guðrún
fljóts á bökkum,
telr þar þyrja sinn
friðil friðan.
Stígr á bak að
baki djákna,
-- glýjuð og frökk; og
hefst nú förin.

Ógurlig er
Ísaáin,
þekkir Garún ei
framgenginn náinn,
Grani skeiðar á
jökum, áfjáður,
-- hefur hann slíkt gert
opt opt áður.

Biður húsfreyja
vökul við glugga,

sjer hon ríðandi
koma skugga,
tvennt er'á baki
mars ins stinna;
-- nú stíg'r af baki in
unga kvinna.

Gengur á hlað út
bóndans kona,
laun færir djákna
maklig, að vonum;
tek'r hon á móti
fljóði fríðu
-- er fláræði olli og
hug'rvíli stríðu:


„Velkomin sjertu, in
vonda mærin,
sem tælir í hættu
ástmög minn kær'n.
Gakk nú í bæ og
bú með oss,
-- þá mun svaðilförm
bægt á brott.”

„Veistu eigi”
mælir sú þrýstna,
„að ek á sök á
að á gengust eiðar?”
„Veit ek vel”, svarar
húsfreyjan fráma,
-- „og von'ek að ríði ei
Ísaá optar,

karl minn görr; ok
heldur vil ek
deila með þjer,
eiga hann hálfan,
en tak' ann frá mjer,
frá mjer allan,
-- áin stríð Ísa,
--- **árans bjálfann!**

lesið „punkta” Goprunar og seiðskrata neðst á vefsíðu mmedia.is/odsmal





ISBN 978-9935-409-08-9

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

rastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkunnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samvinnnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharm). परधर्म (paradharm),

annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnsdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goprun Dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
